

GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir heimili
og frístundahús í Sveitarfélaginu Hornafirði.**

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna meðferðar úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Árlegt grunngjald vegna sorphirðu, sorpeyðingar og endurvinnslu í sveitarfélaginu er sem hér segir:

Íbúðir

Einingargjald sorphirðu á íbúð er	19.294 kr.
Einingargjald sorpeyðingar er	12.128 kr.
Óski greiðendur eftir fleiri sorphílátum greiðist viðbótargjald.	
Sorphirðu- og sorpeyðingargjald fyrir 240 l tunnu	16.400 kr.
Lífrænt ílát	14.400 kr.
Græn tunna	14.400 kr.

Hver húseigandi sem greiðir ofangreint gjald fyrir íbúð fær afhent eitt klippikort á ári.

Eitt klipp af klippikorti sem húseigendur fá afhent samsvarar 4 m³. Á hverju klippikorti eru 16 klipp, hvert klipp er 0,25 m³. Aukaklippikort fyrir 4 m³ kostar 8.000 kr. Miðað er við að 0,25 m³ geti verið allt að 25 kg.

Á hvert frístundahús er heimilt að leggja sérstakt gjald vegna sorphirðu og/eða sorpeyðingar. Þar sem sumarbústaðir eru 20 eða fleiri skal leggja á sérstakt gjald fyrir sorphirðu að viðbættu sorpeyðingargjaldi enda verður komið upp gámasvæði við sumarbústaðahverfi með yfir 20 bústöðum eða fleiri yfir mesta ferðamannatímamann frá 1. júní – 1. september. Í sumarhúshverfum með færri en 20 bústaði eru eingöngu lögð á gjöld vegna sorpeyðingar.

Sorphirðugjald þar sem eru fleiri en 20 frístundahús	3.500 kr.
Sorpeyðingargjald fyrir frístundahús	4.800 kr.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og -eyðingu skv. 1. gr. er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi sveitarfélagsins og er það innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá viðkomandi án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálsgrein 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 11. gr. samþykktar nr. 236/2018 um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Gjaldskráin er samin og samþykkt af bæjarráði þann 9. október 2017 og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 12. október 2017 samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 909/2017.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 26. apríl 2018.

Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri.